



## Héraðsnefnd Árneseinga bs.

25. fundur haldinn í Byggðasafni Árneseinga

við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka

9. maí 2022 kl. 8:30

Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga bs., setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Eyþór H. Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu stjórnar og þau verkefni sem unnin hafa verið frá haustfundi 2021. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins hafa verið skoðuð, stjórn leggur til að málið verði tekið upp að nýju sem fyrst eftir kosningar.

Viðræður og eftirfylgni vegna skiptingar Alviðru og Öndverðarness II, slökkviliðsstöðvar á Laugarvatni og Flúðum, undirbúningur fyrir fundinn og yfirferð ársreikninganna.

Farið var yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 36, 37, 38, 39, 40 og 41 og haustfund 2021 og aukafund frá 7. febrúar.

Fundargerðir voru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

### 2. Byggðasafn Árneseinga - ársreikningur 2021

Lýður Pálsson fór yfir fundargerðir stjórnar sem voru lagðar fram til kynningar. Lýður fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum.

Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Lýður fór yfir ársskýrslu safnsins en síðastliðið ár var mjög viðburðarríkt og mikið unnið í innra starfi. Safnið var opið allt sl. sumar, þrátt fyrir Covid-19.

Safnið var opnað 1. maí sl. og er aðsókn að glæðast.

Listahátíðin Hafsjór verður haldin í húsakynnum safnsins og verður unnið í vinnustofum, þar koma saman erlendir listamenn og verður afraksturinn kynntur helgina 11. - 12 júní. Verið er að uppfæra heimasíðu safnsins byggðasafn.is og verður hún tilbúin nú í sumar. Einnig á að gera nýjan bækling um söfnin.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir.

### 3. Brunavarnir Árnesinga - ársreikningur 2021

Pétur Pétursson fór yfir fundargerðir stjórnar sem voru lagðar fram til kynningar.

Pétur fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum.

Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Pétur ræddi um nýjan stigabíl sem var tekinn í notkun fyrir skemmstu. Fór hann yfir fjölda útkalla ársins 2021. Fjöldi vettvanga voru samtals 222, útköll á stöðvar voru 256 fjöldi tækja boðuð á vettvang voru 403. Fjöldi slökkviliðsmanna í útkall 1.078. Fjöldi útkalla um síðustu áramót voru 49 á vettvanga vegna gróðurelda, m.a. í Tjarnarbyggð. Það er alltaf áhyggjuefni þegar að miklir þurrkar eru.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir.

### 4. Húsnæðismál slökkvistöðva á Laugarvatni og Flúðum

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu húsnæðis Laugarvatni og Flúðum.

Verið er að skoða samstarf við Björgunarsveitina á Flúðum varðandi húsnæði fyrir slökkvistöð. Björgunarsveitin myndi láta byggja húsnæði og BÁ myndi leigja af þeim, með forkaupsrétti. Lex lögmenn eru með þetta til skoðunar.

Húsnæði sem Brunavarnir eru í á Laugarvatni fer senn í söluferli, því er ekki ólíklegt að húsnæðið verði ekki í boði eftir árið. Það er verið að skoða hvort einhver aðili hafi áhuga á að byggja húsnæði og leigja Brunavörnum með forkaupsrétti, verið er að skoða lóðir á Laugarvatni sem kæmu best til greina. Einnig er verið að skoða með húsnæði sem hægt væir að fá leigt þar til nýtt húsnæði yrði tilbúið. Það þarf að afgreiða þessi mál á skjóttan hátt, sérstaklega á Laugarvatni.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Ari Björn Thorarensen.

### 5. Almannaþingir Árneshöfn - ársreikningur 2021

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls og fór yfir fundargerð stjórnar sem lögð var fram til kynningar.

Ræddi hún um kostnað við verkefnastjóra og almannaþingir og að stjórn

Almannaþinganna leggur til að haldin verði æfing vegna jarðskjálfta.

Ræddi hún um stöðu velferðarverkefnisins en búið er að skila inn öllum gögnum til nefndarinnar. Verkefnið tókst mjög vel, m.a. hafa verið haldnar æfingar.

*Lagt er til við Héraðsnefnd Árnesinga að Ragnheiði Hergeirsdóttur verði greitt aukalega 500.000 vegna umfangs verkefnisins og munu þá greiðslur til hennar nema kr. 2.000.000 í heildina.*

*Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.*

Aldís Hafsteinsdóttir fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum.  
Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Pétur Pétursson, Kjartan Björnsson, Ari Björn Thorarensen og Árni Eiríksson.

Samþykkt var að verkefni lögreglustjórans verði tekið fyrir á fundi HÁ í haust.

## **6. Tónlistarskóli Árnésinga - ársreikningur 2021**

Helga Sighvatsdóttir fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum.  
Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.  
Einnig fór hún yfir fundargerð sem var lögð fram til kynningar.

Helga ræddi um vetrarstarfið en Covid19 hefur haft áhrif á tónleikahald og kennslu. Kennsla hefur þó gengið vel, bæði fjarkennsla og önnur kennsla. Nú eru bjartari tímar framundan og vortónleikar. Nemendur hafa komið fram á ýmsum stöðum, tveir tóku þátt í ungsveit símfóníunnar. Það náðist að halda þó nokkra tónleika í haust á réttum tíma og útskrifir hafa einnig gengið vel. Kennarar og nemendur eru búnir að ná að tileinka sér tækni í námi og kennslu. Hljóðfærakynning í skólunum gekk vel. Send var út rafræn jólakveðja. Framundan eru tónleikar og framhaldsprófstónleikar. Að lokum fór hún yfir starfsmannamálin og biðlista.

Til máls tóku auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir.

## **7. Héraðsskjalasafn Árnessýslu - ársreikningur 2021**

Þorsteinn Tryggvi Másson fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum.  
Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.  
Einnig fór hann yfir fundargerð sem var lögð fram til kynningar.

Ræddi hann um samstarfsverkefni sem er í gangi milli Héraðsskjalsafns Árnessýslu og Byggðasafns Árnésinga. Hann hvetur stjórnarmenn til að fara inn á netið og skoða Myndasetrið.

Ræddi Þorsteinn um rafræn skil gagna, þeir hafa sent út fyrirspurn á sveitarfélögin um upplýsingar um kerfi sem eru í notkun í sveitarfélögunum, sveitarfélögin hafa þó ekki verið nógu dugleg að svara þeim.

Það er komin viljayfirlýsing milli HÁ og Sveitarfélagsins Árborgar um rafræna skráningu í samvinnu við starfræna þróun hjá Árborg og verður byrjað á grunnskólunum í sveitarfélaginu. Einnig er hann búin að vera í sambandi við Bláskógabyggð og GOGG. Líklegt er að HÁ og Reykjavíkurborg séu að fara í samstarf. Hann telur að á næstu fjórum árum verði mikil þróun og breytingar í skjalamálinum hjá sveitarfélögum og líklega verða öll sveitarfélög komin í rafræn skil innan fárra ára.

Ræddi hann um húsnæðismálin hjá safninu og þær breytingar sem verða með

rafrænum skilum.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Kjartan Björnsson og Helgi Sigurður Haraldsson.

#### **8. Listasafn Árnesinga - ársreikningur 2021**

Helgi Sigurður Haraldsson fór yfir fundargerð stjórnar og lagðar fram til kynningar.

*Sérstaklega var tekin fyrir liður 2 – Yfirdráttarheimild.*

*Stjórn samþykkir að fara þess á leit við framkvæmdastjórn HÁ að forstöðumaður fái heimild til að stofna til yfirdráttar.*

*Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.*

Helgi Sigurður Haraldsson fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Gestur Þór Kristjánsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Gunnar Egilsson.

#### **9. Héraðsnefnd Árnesinga - ársreikningur 2021**

Ingibjörg Garðarsdóttir fór yfir ársreikning og svaraði fyrirspurnum. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

#### **10. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins - staða mála**

Eyþór fór yfir hvað hefur verið til skoðunar varðandi húsnæðismál HÁ.

Skoðað hefur verið Meitilshúsið í Þorlákshöfn, hús Smíðanda á Austurvegi 54 á Selfossi spurning hvort að það sé hægt að fá þetta hús leigt en leiguverð er hærra á Selfossi en t.d. í Þorlákshöfn. Nýverið var boðið fram húsnæði frá Olís í Þorlákshöfn.

Til máls tóku auk formanns Gestur Þór Kristjánsson, Gunnar Egilsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson og Kjartan Björnsson.

Fundurinn beinir því til nýrrar framkvæmdastjórnar og Héraðsnefndar að taka þessi mál til skoðunar og leysa húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins í upphafi nýs kjörtímabils.

#### **11. Málefni Alviðru - Tillaga um skiptingu landsins og vegna Laxabakka**

Til máls tók Smári B. Kolbeinsson, og ræddi um Laxabakka. Það mál er nú leyst frá hendi Héraðsnefndar.

Smári fór yfir makaskiptasamning vegna Alviðru og Öndverðarness II milli Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Helgi Sigurður Haraldsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

*Héraðsnefnd Árneseinga samþykkir makaskiptasamning samhljóða og felur formanni að undirrita samninginn eins og hann liggur fyrir fundinum.*

## 12. Önnur mál

Engin.

Eyþór Þakkaði fundarmönnum fyrir gott samstarf og góðan tímann á kjörtímabilinu og fyrir hönd stjórnar þakkaði hann nefndinni fyrir góð störf á þessu tímabili.

Fundi slitið kl. 11:45.

Eyþór H. Ólafsson, Hveragerði  
Helgi S. Haraldsson, Sveitarfélagið Árborg  
Árni Eiríksson, Flóahreppur  
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg  
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði  
Njörður Sigurðsson, Hveragerði  
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur  
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppur  
Björgvin Skafi Bjarnason, Skeið- og Gnúpverjahreppur  
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg  
Tómas Ellert Tómasson, Sveitarfélagið Árborg  
Gunnar Egilsson, Sveitarfélagið Árborg  
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð  
Óttar Bragi Þráinsson, Bláskógabyggð  
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari